

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. október 2023

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010 (hagkvæmar íbúðir), 183. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp innviðaráðherra sem felur í sér heimild til handa sveitarfélögum að skilyrða allt að 25 prósent af heildarfermetrafjölda íbúða við gerð deiliskipulags fyrir ný íbúðasvæði fyrir íbúðir sem falla undir lög um almennar íbúðir, íbúðir sem uppfylla skilyrði fyrir hlutdeildarlánnum og lánnum til leiguíbúða samkvæmt lögum um húsnæðismál.

BSRB styður frumvarpið heils hugar enda samræmist efni þess tillögum tveggja húsnæðishópa, sem voru starfarandi árin 2019 og 2022, þar sem BSRB átti aðild og tók þátt. Starfhóparnir voru báðir skipaðir til að liðka fyrir kjarasamningsviðræðum á þeim tíma.

Ein af megin tillögum síðarnefnda starfshópsins fjallaði um að gerður yrði rammasamningur ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga f.h. sveitarfélaga „um byggingu 4.000 íbúða árlega á næstu fimm árum og 3.500 íbúða árlega næstu fimm ár þar á eftir til að mæta áætlaðri þörf fyrir íbúðarhúsnæði“. Þegar tillögurnar voru birtar hinn 19. maí 2022 gaf ríkisstjórnin frá sér yfirlýsingu, m.a. um aukna uppbyggingu íbúða. Þar segir orðrétt:

„Ríkið og Samband íslenskra sveitarfélaga munu nú þegar hefja viðræður um rammasamning um byggingu 4.000 íbúða árlega á landsvísu næstu fimm árin og 3.500 íbúða árlega næstu fimm ár þar á eftir. Horft verður sérstaklega til þeirra markmiða sem sett eru fram í tillögum starfshópsins, m.a. um að félagslegt húsnæði nemi að jafnaði 5% nýrra íbúða og hagkvæmt húsnæði sé sem næst 30% með sérstakri áherslu á almenna íbúðakerfið“.

Rammasamkomulag til tíu ára var undirritað þann 12. júlí 2022 í samræmi við ofangreinda tillögu. Því er mikilvægt að sveitarfélög fái stuðning af skipulagslögum til að auðvelda vinnu í samræmi við rammasamkomulagið og tillögur starfshópsins. Í þessu sambandi hafa heildarsamtök launafólks lagt ríka áherslu á fjölgun almennra íbúða um að minnsta kosti 1.000 á ári næstu fimm árin.

Samtök launafólks hafa lagt mikla áherslu á húsnæðismál við gerð kjarasamninga undanfarin ár og það mun halda áfram á meðan staðan á húsnæðismarkaði er óbreytt. Nauðsynlegt er að auka framboð húsnæðis á viðráðanlegu verði og tryggja húsnæðisöryggi, m.a. með auknum beinum húsnæðisstuðningi við heimili á leigumarkaði og í eigin húsnæði. Náí þetta frumvarp fram að ganga er það eitt af mörgum skrefum sem taka þarf til að auka húsnæðisöryggi launafólks á Íslandi og stuðla að fjölbreyttri byggð þegar uppbygging nýrra svæða á sér stað.

Fyrir hönd BSRB

A handwritten signature in blue ink, which appears to read "Hrannar M. Gunnarsson".

Hrannar Már Gunnarsson
lögfræðingur